

Fundargerð 456. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2023, þriðjudaginn 19. september kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Arnfríður Eide Hafþórsdóttir, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Elliði Vignisson, Björn Arnaldsson, Dóra Björk Gunnarsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir.

Að auki sátu fundinn Flosi Hrafn Sigurðsson lögfræðingur og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 455. fundar - 2301001HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 455. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 18. ágúst 2023 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Fundur með innviðaráðherra - 2308001HA

Formaður gerði grein fyrir fundi með innviðaráðherra, dags. 23. ágúst 2023, þar sem meðal annars var fjallað um EPI kerfið, breytingar á hafnalögum og aðra haftengda starfsemi.

Formanni falið að fylgja málunum eftir.

3. Fundur hafnasambandsins og Fiskistofu - 2009020HA

Lagðir fram minnisþingar um fund Hafnasambands Íslands og Fiskistofu sem fór fram 30. ágúst 2023. Þórdís Sif og Pétur gerðu grein fyrir minnisblaðinu og umræðum á fundinum.

4. Drög að dagskrá hafnafundar - 2211002HA

Lögð fram endanleg drög að dagskrá hafnafundar sem haldinn verður í ráðstefnusal Hafrannsóknarstofnunar í Hafnarfirði 20. október 2023.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að halda undirbúningi áfram.

5. Samræmd flokkun úrgangs í höfnum - 2309001HA

Formaður segir frá fundi með fulltrúum sambandsins og Umhverfisstofnunar. Fjallað verður ítarlega um þessi mál á hafnafundi þann 20. október nk.

6. Orkusjóður - úthlutun styrkja 2023 - 2309002HA

Rætt um styrkveitingar úr sjóðnum í ár en engir styrkir fóru til hafna eða hafnasvæða vegna orkuskipta í tengslum við háspennu.

Fyrir liggur að í seinustu úthlutun Orkusjóðs hafnaði sjóðurinn öllum umsóknum um styrki vegna almennra landtenginga fyrir fiskiskip og uppsetningar á búnaði á hafnarsvæðum til að landtengja farþegaskip og önnur stór og aflfrek skip. Ekki er hægt að líta á afstöðu Orkusjóðs með öðrum hætti en að uppbygging

landtenginga á hafnarsvæðum sé hvorki forgangsmál stjórnvalda né skipti miklu í þeim mikilvægu orkuskiptum sem þjóðin stendur frammi fyrir, þrátt fyrir að lagt hafi verið upp með að þriðjungur af þeim nær milljarði sem var til úthlutunar hafi verið eyrnamerkur verkefnum til að minnka notkun á jarðeldisnotkun í flutningum og siglingum.

Til viðbótar þeim almennu hagsmunum samfélagsins af orkuskiptum í höfnum landsins þá hefur sú kvöð verið sett á hafnir sem tilheyra evrópska flutningsnetinu (TEN-T) að ljúka landtengingum fyrir árið 2030. Fimm íslenskar hafnir tilheyra flutningsnetinu. Evrópskar samkeppnishafnir íslenskra hafna hafa fengið úthlutað styrkjum til þessa úr sjóðum ESB. Ísland og Noregur greiða hins vegar ekki í þessa sjóði og því ekki möguleiki fyrir hafnir viðkomandi landa að sækja þar um. Norskar hafnir geta hins vegar sótt styrki til landtenginga í norska orkusjóðinn Enova. Íslenskar hafnir eru aftur á móti skildar eftir með íþyngjandi kvöð um landtengingu skipa en án fjárhagslegs stuðnings.

Stjórn Hafnasambands Íslands lýsir mikilli óánægju með afstöðu Orkusjóðs og fer fram á endurskoðun hennar ellegar að breytingar verði gerðar á úthlutunarreglum sjóðsins.

Í lok fundar gerði Alexandra Jóhannesdóttir grein fyrir því að frá og með næstu mánaðamótum fari hún í tímabundið leyfi frá stjórnarstörfum hjá hafnasambandinu vegna fæðingaorlofs.

Fundi var slitið kl. 12:00